



Flórgoðinn

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- SMT reglur skólans og notkun skólafatnaðar í Áslandsskóla

Á að fara eftir sumum reglum en ekki öllum?

Kæru nemendur/foreldrar/forráðamenn

Árlega síðan undirritaður tók til starfa sem skólastjóri Áslandsskóla hefur verið fjallað um skólafatnað á aðalfundi foreldrafélags skólans. Þangað hafa allir forráðamenn verið boðaðir bréfleiðis með lögbundnum fyrirvara. Mikill og jákvæður stuðningur skapaðist strax bakvið þá niðurstöðu þessa funda um að skólafatnaður skyldi tekinn í notkun í Áslandsskóla.

Stjórnendur skólans, starfsfólk og fulltrúar forráðamanna hafa síðar mótað reglur um notkun skólafatnaðar og við innleiðingu SMT skólafærni var notkunin tengd vettvangsferðum sem farið er í á vegum skólans.

Það er klárt mál að með notkun skólafatnaðar sköpum við öflugri liðsheild við Áslandsskóla. Sjálfstraust nemenda verður meira ásamt því að einbeiting þeirra og vinnusemi verður betri. Með notkun skólafatnaðar verður meiri samkennd og þekkingarandi öflugri, neikvæðum áreitum fækkar og ímynd skólans góð.

Nýting skólafatnaðar við Áslandsskóla hefur aldrei verið meiri og betri en á þessu skólaári. Áfram eru nær allir yngri nemendur skólans klæddir skólafatnaði. Sérstaklega er áberandi nú hversu stór hluti eldri nemenda tekur þátt af fullum krafti og er það til fyrirmyndar.

Innleiðing og upptaka SMT-skólafærni í Áslandsskóla hefur gengið vonum framár. Kynning á reglum og aðferðafræði gekk vel í haust og með jákvæðu viðmóti og öflugri framlagi starfsfólks hefur vinnuandi í skólanum verið góður það sem af er skólaári. Það er eins með þessar reglur og aðrar skólareglur að þær eru hluti af því hvernig maður á að haga sér svo skólastarf gangi vel fyrir sig. Reglan með notkun skólafatnaðar í vettvangsferðum er því ein af mörgum í reglu-töflu SMT-skólafærni í Áslandsskóla.

Forráðamenn hafa mætt þessari nýju aðferðafræði af áhugasemi og metnaði um að gera góðan skóla enn betri. Undirritaður hefur fregnað af skemmtilegum og gagnlegum umræðum heima fyrir um skólafærni og ýmsar af þeim reglum sem henni fylgir. Því er mikilvægt að fjallað sé ítarlega um allar reglurnar, þær kenndar með viðeigandi hætti og farið sé eftir þeim öllum. Annars gætu nemendur fengið þá tilfinningu að jafnt innan skóla sem og í lífinu almennt skuli farið eftir sumum reglum en alls ekki öllum.

Með skólakveðju
Leifur S. Garðarsson
Skólastjóri Áslandsskóla

